

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 2000

23. október 2000

2107

Nr. 744

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 - 2015, Flatahraunssvæði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. október 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 - 2015 frá 23. desember 1997.

Um er að ræða breytingu á texta í greinargerð sem er hluti af aðalskipulaginu og varðar breytt hámarksnýtingarhlutfall á svæði 2, Flatahraunssvæði. Jafnframt er bætt við texta sem fjallar um áhrif bílastæða á viðmiðun nýtingarhlutfalls.

Tillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 23. október 2000.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

24. október 2000

Nr. 745

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Miklabraut – deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 26. september 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir Miklubraut frá Kringlumýrarbraut til Grensásvegur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 24. október 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.